

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. maí 2025 í máli nr. 89/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 26. júlí 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila 1.429,18 evrur vegna leigugjalds og 147.894 krónur sem sóknaraðili greiddi í tjónskostnað. Þá gerir sóknaraðili einnig kröfu um skaðabætur að fjárhæð 80.875 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubræfi, dags. 22. ágúst 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Staðfesti varnaraðili móttöku bréfsins 16. september 2024. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 31. janúar 2025 og voru kynnt sóknaraðila þann 3. febrúar sama ár.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, greiðslukvittanir, reikningar, afrit af leigusamningi, flugupplýsingar, „Damage cost liability form“, skjáskot, afrit af bókunarstaðfestingu og skilmálum, mynd, ástandsskýrsla bifreiðar, bókunarstaðfesting vegna bátsferðar, afrit af skriflegum samskiptum aðila og CABAS mat frá [...].

Með bræfi, dags. 27. maí 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili leigði bifreið af varnaraðila dagana 8. til 18. júlí 2024 og greiddi alls 1.137,45 evrur fyrir. Við afhendingu bifreiðarinnar undirritaði sóknaraðili svokallað „Vehicle Condition Report Form“ þar sem ástandi bifreiðarinnar var lýst.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að á leigutímabilinu hafi sóknaraðili leitað á bifreiðaverkstæði vegna viðvörunarljóss frá loftþrýstingsnema í leigubifreiðinni. Síðar í ferðinni, hafi ljósið kviknað aftur, bíllinn runnið til og sóknaraðili ekið út af vegi og á stein. Ekkert varadekk hafi verið í bifreiðinni og sóknaraðili því þurft að kalla eftir aðstoð frá bifreiðaverkstæði sem hafi þurft að koma með nýtt dekk. Sóknaraðili hafi greitt 86.566 krónur fyrir þjónustu verkstæðisins. Við skil á bifreiðinni að leigutímanum loknum hafi starfsfólk varnaraðila krafist þess að sóknaraðili greiddi tryggingu vegna tjóns á bifreiðinni. Sóknaraðili hafi þá þegar greitt 147.894 krónur til varnaraðila. Skömmu síðar hafi sóknaraðili fengið endurgreiddar 56.331 krónur frá varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi komið fram gagnvart sóknaraðila undir merkjum mismunandi fyrirtækja. Sóknaraðili telur varnaraðila ekki vera löglega skráð fyrirtæki og því séu undirritaðir samningar ógildir. Af þeim sökum gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila 1.429 evrur vegna kostnaðar við leigu á bifreiðinni. Til viðbótar við framangreint gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér þá fjárhæð sem sóknaraðili greiddi vegna tjóns á bifreiðinni en einnig að greiða skaðabætur að fjárhæð 80.875 krónur.

Varnaraðili hefur vísað til þess að við skil á bifreiðinni hafi komið í ljós að álfelga á hægra framhjólum væri skemmd. Sóknaraðili hafi ritað undir svokallað „Damage Cost Liability Form/Invoice“ og staðfest eigin ábyrgð á tjóni. Varnaraðili hafi í kjölfarið krafist sóknaraðila um greiðslu á svokölluðu „Damaged Vehicle Administration Fee“ og áætlaðan kostnað vegna tjónsins. Varnaraðili byggir á því að ósannað sé að loftþrýstingsskortur hafi leitt til þess að sóknaraðili hafi ekið út af vegi og á stein sem hafi orðið til þess að hjólbarði og álfelga skemmdust. Þá hefur varnaraðili vísað til þess að sérstakt frauð hafi verið í bifreiðinni til að dæla í skemmda hjólbarða og því hafi dráttur bifreiðarinnar um langa vegalengd verið ónauðsynlegur og á ábyrgð sóknaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega kröfu um frávísun málsins og vísar til þess að kröfu sóknaraðila sé ekki beint að varnaraðila heldur óljósum eigendum óljósra félaga. Í kvörtun sóknaraðila komi fram að ekkert samningssamband um ökutækjaleigu hafi stofnast milli hans og varnaraðila og að ónefndir eigendur beri fulla ábyrgð á skuldbindingum óskráðs félags.

Varnaraðili gerir til vara kröfu um að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Í fyrsta lagi byggir krafa varnaraðila um höfnun á því að kröfugerð sóknaraðila sé ófullnægjandi og óskýr. Varnaraðili telur erfitt að átta sig á hvaða kröfur sóknaraðili geri í málinu sem geri varnaraðila erfitt fyrir að koma að athugasemdum. Þá byggir krafa varnaraðila um höfnun jafnframt á því að málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki í samræmi við samningsskilmála eða íslenskan rétt. Varnaraðili telur óumdeilt að sóknaraðili hafi valdið tjóni á leigubifreið varnaraðila og vísar til skilmála varnaraðila þar sem fram kemur að leigutaki skuli skila hinu leigða ökutæki í sama ástandi og hann tók við því. Varnaraðili bendir jafnframt á að í skilmálunum komi fram að leigutaka sé óheimilt að gera við ökutækið án heimildar varnaraðila. Af þeim sökum geti sóknaraðili ekki gert kröfu um endurgreiðslu þess kostnaðar sem hann greiddi fyrir viðgerð í ósamræmi við leigusamning aðila.

Varnaraðili vísar til þess að í grein 2.2.2.2 í skilmálum varnaraðila sé verklagi við mat á tjóni lýst. Varnaraðili telur að kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hafi ranglega byggt á því í fyrri málum að svokallað CABAS-mat feli ekki í sér fulla sönnun um umfang tjóns. Aðilar hafi samið um að mat á umfangi tjóns fari fram með þessum hætti og það sé ekki á færi kærunefndarinnar að hafa skoðun á því hvernig aðilar semja. Samgöngustofa hafi, lögum samkvæmt, eftirlit með samningsskilmálum ökutækjaleiga og hefur ekki gert athugasemdir við efni skilmála varnaraðila. Varnaraðili vísar jafnframt til þess að ef kærunefndin telur umsamið CABAS-mat ófullnægjandi til að slá föstu tjóni beri henni að kveðja til kunnáttumann til að leggja mat á kröfu varnaraðila um bætur frá sóknaraðila vegna þess tjóns sem hann olli á hinu leigða ökutæki, enda geti stjórnvald ekki beitt sönnunarreglum í stað rannsóknar. Loks vísar varnaraðili til þess að af samningsskilmálum sé ljóst að samið

hefur verið um ábyrgðarleysi varnaraðila á óbeinu tjóni og útlögðum kostnaði sóknaraðila vegna bilana eða skemmdu á hinu leigða ökutæki.

V Niðurstaða

Sóknaraðili tók á leigu bifreið hjá varnaraðila dagana 8. til 18. júlí 2024 og greiddi alls 1.137,45 evrur fyrir. Á leigutímanum sprakk dekk undir hinu leigða ökutæki og í kjölfarið óskaði sóknaraðili eftir og greiddi fyrir aðstoð bifreiðaverkstæðis. Við skil á bifreiðinni kom í ljós tjón á hægra framhjólí bifreiðarinnar. Í gögnum máls er að finna afrit af svokölluðu „*Damage cost liability form/invoice*“ sem sóknaraðili undirritaði 18. júlí 2024 eða sama dag og bifreiðinni var skilað. Þar kemur fram eftirfarandi lýsing á biluninni: „*Damaged right front rim*“. Því næst segir að áætlaður kostnaður við viðgerð sé að fjárhæð 824 evrur. Greiddi sóknaraðili þá fjárhæð sama dag auk umsýslugjalds að fjárhæð 167 evrur, alls 991 evru eða 147.894 íslenskar krónur. Þann 26. júlí 2024 barst sóknaraðila tilkynning frá varnaraðila um niðurstöðu CABAS-mats og var sóknaraðili krafinn um greiðslu að fjárhæð 41,34 evra til viðbótar. Samkvæmt framlögðu CABAS-mati bifreiðaverkstæðisins [...], dags. 24. júlí 2024, kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð er að fjárhæð 129.087 krónur eða 864,61 evrur.

Sóknaraðili hefur vísað til þess að hafa lent í vandræðum með hina leigðu bifreið á leigutímanum vegna viðvörunarljóss frá loftþrýstingsnema í bifreiðinni sem hafi á endanum leitt til þess að sóknaraðili hafi keyrt á stein og dekk undir bifreiðinni sprungið. Sóknaraðili hafi í kjölfarið óskað eftir og greitt fyrir aðstoð bifreiðaverkstæðis vegna þess að ekki hafi verið að finna varadekk í bifreiðinni. Sóknaraðili gerir kröfu um endurgreiðslu tjónskostnaðar, kostnaðar vegna leigu á bifreiðinni og skaðabætur vegna þess tjóns sem sóknaraðili varð fyrir vegna málsins.

Varnaraðili gerir kröfu um að kröfum sóknaraðila verði vísað frá kæruneftndinni og byggir á því að sóknaraðili hafi beint kröfum sínum gegn óneftndum eigendum tiltekinna félaga en ekki varnaraðila í málinu. Varnaraðili telur það ekki hlutverk kæruneftndarinnar að taka fram fyrir hendur sóknaraðila sem hefur ákveðið hvert hann vilji reyna að sækja skaðabætur. Kæruneftndin bendir á að ekki er gerð krafa um að aðilar njóti aðstoðar lögmanns eða séu löglærðir við meðferð mála hjá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Við útfyllingu kvörtunareyðublaðs skráði sóknaraðili varnaraðila sem seljanda þjónustunnar og gagnaðila í málinu. Þrátt fyrir að sóknaraðili fjalli um ábyrgð óneftndra eigenda í rökstuðningi sínum telur kæruneftndin ekki unnt að fallast á kröfu varnaraðila um frávísun málsins, enda hefur sóknaraðili beint kvörtun sinni gegn varnaraðila í málinu þrátt fyrir að í rökstuðningi hans sé fjallað um ábyrgð eigenda.

Sóknaraðili gerir annars vegar kröfu um endurgreiðslu og hins vegar kröfu um skaðabætur úr hendi varnaraðila. Kæruneftndin bendir á að kröfugerð sóknaraðila er nokkuð óskýr og erfitt að átta sig á þeim fjárhæðum sem settar hafa verið fram. Undir rekstri málsins hafði kæruneftndin samband við sóknaraðila og óskaði eftir frekari skýringum á kröfugerð hans og þeim fjárhæðum sem settar voru fram. Kæruneftndin byggir niðurstöðu sína á þeim skýringum sem sóknaraðili veitti nefndinni og hafa verið kynntar varnaraðila í málinu.

Í skýringum sóknaraðila til nefndarinnar bendir hann á að kostnaður við leigu á bifreiðinni og kaup á tryggingu, auk virðisaukaskatts sé að fjárhæð 1.429,18 evrur. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sé ekki löglega skráð fyrirtæki og komi fram

undir ólíkum merkjum sem hafi áhrif á skuldbindingargildi samninga í nafni fyrirtækisins. Kærunefndin bendir á að varnaraðili í málinu er skráð félag sem er aðili að umþrættum leigusamningi. Varnaraðili notar ólík vörumerki í þjónustu sinni og hefur því komið fram undir mismunandi merkjum í viðskiptum við sóknaraðila. Telur kærunefndin slíkt ekki hafa áhrif á gildi samninga milli aðila. Fyrir liggur að sóknaraðili hafði umrædda bifreið á leigu í 10 daga og ber því að mati kærunefndarinnar að greiða fyrir leigu á bifreiðinni í þann tíma auk kostnaðar við tryggingar. Af þeim sökum telur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu kostnaðar vegna leigu á bifreiðinni.

Sóknaraðili gerir, auk framangreinds, kröfu um skaðabætur að fjárhæð 80.875 krónur. Sóknaraðili vísar til þess að hafa orðið fyrir tjóni vegna tafa og afbókunar á þegar greiddum ferðakostnaði sökum þess að ekki hafi verið varadekk í hinu leigða ökutæki. Samkvæmt skýringum frá sóknaraðila sundurliðast skaðabótakrafan með eftirfarandi hætti: „20.640 krónur vegna ferjumiða, 30.235 krónur vegna kostnaðar við vegaaðstoð og 30.000 krónur vegna þeirra óþæginda sem sóknaraðili varð fyrir vegna málsins“. Sóknaraðili hefur lagt fram bókunarstaðfestingu, dags. 15. júlí 2024, fyrir tvo fullorðna og eina bifreið í ferju fyrir ferðina „Brjánslækur – Flatey – Stykkishólmur“ að fjárhæð 20.640 krónur. Þá hefur sóknaraðili lagt fram reikning, dags. 15. júlí 2024, frá Bílaverkstæðinu Smur og dekk að fjárhæð 86.566 krónur sem sóknaraðili greiddi fyrir vinnu, akstur og nýtt dekk þegar bifreið sóknaraðila hafnaði utanveggar. Í skýringum til nefndarinnar vísar sóknaraðili til þess að kostnaður við vegaaðstoð hafi verið 30.235 krónur, án virðisaukaskatts.

Fyrir liggur að hjólbarði undir leigubifreið sóknaraðila sprakk á leigutímanum. Sóknaraðili greiddi 86.566 krónur fyrir nýtt dekk og þjónustu bifreiðaverkstæðis vegna þess. Sóknaraðili hefur vísað til þess að ekki hafi verið varadekk í bifreiðinni en varnaraðili hefur bent á að hægt hefði verið að nota frauð sem var til staðar í bifreiðinni. Fyrir liggur að sóknaraðili hafði ekki samband við varnaraðila og óskaði fyrir mæla um næstu skref. Sóknaraðili tók sjálfur ákvörðun um að leita til bifreiðaverkstæðis og óska eftir skiptum á dekki í stað þess að leita til varnaraðila um frekari leiðbeiningar eða nota frauð sem var að sögn varnaraðila til staðar í bifreiðinni. Að mati nefndarinnar er ekki hægt að fallast á með sóknaraðila að varnaraðili skuli bera ábyrgð á slíkum kostnaði. Með vísan til framangreinds telur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um bætur vegna hluta þess kostnaðar sem sóknaraðili greiddi til fyrirtækisins Bílaverkstæðið Smur og dekk. Þá telur kærunefndin ekki unnt að fallast á bætur vegna kostnaðar við ferjumiða sem sóknaraðili greiddi fyrir, enda hefur sóknaraðili ekki veitt skýringar á eða sýnt fram á að hann hafi ekki getað nýtt umrædda ferjumiða vegna aðstæðna sem varnaraðili ber ábyrgð á. Að lokum telur kærunefndin að hafna beri kröfu sóknaraðila um bætur að fjárhæð 30.000 krónur vegna óþæginda sem sóknaraðili varð fyrir vegna málsins, enda hefur sóknaraðili að mati nefndarinnar ekki veitt skýringar á og sýnt fram á það tjón sem krafan varðar.

Í kjölfar beiðni kærunefndarinnar um frekari skýringar á kröfugerð sóknaraðila upplýsti sóknaraðili nefndina um að hann gerði, auk framangreinds, kröfu um endurgreiðslu á þeim kostnaði sem hann greiddi varnaraðila vegna áætlaðs kostnaðar við viðgerð á meintu tjóni á hinni leigðu bifreið og umsýslugjald sem honum var gert að greiða við skil á hinni leigðu bifreið. Varnaraðili var upplýstur um framangreint með tölvupósti, dags. 13. maí 2025 en taldi ekki þörf á að koma að frekari athugasemdum.

Sóknaraðili var krafinn um greiðslu að fjárhæð 147.894 krónur eða 991 evrur við skil á bifreiðinni þann 18. júlí 2024 vegna tjóns á bifreiðinni. Þar af var áætlaður viðgerðarkostnaður 824 evrur og svokallað umsýslugjald 167 evrur. Þann 26. júlí 2024 hafði varnaraðili samband við sóknaraðila og upplýsti hann um að endanlegur viðgerðarkostnaður lægi fyrir að fjárhæð 864,61 evrur. Sóknaraðili var því í kjölfarið krafinn um greiðslu að fjárhæð 41,34 evrur til viðbótar. Ekki verður séð að umkrafid viðbótargjald hafi verið greitt. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar sem hann var krafinn um auk umsýslugjalds. Nemur krafa sóknaraðila 147.894 krónum. Varnaraðili hefur lagt fram CABAS-mat [...], dags. 24. júlí 2024, þar sem kemur fram að áætlaður kostnaður við viðgerð er að fjárhæð 129.087 krónur.

Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir upplýsingum um hvort viðgerð hafi farið fram á leigubifreiðinni. Þá óskaði nefndin eftir því að varnaraðili legði fram staðfestingu á greiðslu reiknings vegna viðgerðar eða að varnaraðili sýndi með öðrum hætti fram á raunverulegt fjártjón sitt. Í svari sem barst frá varnaraðila kom fram að varnaraðili framkvæmi viðgerðir á eigin verkstæði og að ekki sé sérstaklega haldið utan um kostnað tengdum viðgerðum hvers ökutækis. Þá kom fram að svar við fyrirspurn nefndarinnar hefði ekki þýðingu í málinu og benti á að aðilar hefðu samið um hvernig tjónamat færi fram og að ekki væri skylt samkvæmt íslenskum rétti að nýta bætur til að lagfæra skemmd verðmæti eða endurnýja þau ef um altjón væri að ræða.

Óumdeilt er að tjón varð á bifreiðinni þegar sóknaraðili var með hana á leigu en aðila greinir á um orsakir tjónsins og hver beri ábyrgð á því. Varnaraðili hefur vísað til þess að aðilar hafi samið um að mat á umfangi tjóns fari fram með svokölluðu CABAS-mati. Kærunefndin bendir hins vegar á að til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjóns á bifreiðinni ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni. Varnaraðili verður einnig að sýna fram á að sóknaraðili beri ábyrgð á tjóninu vegna saknæmrar og ólögmetrar háttsemi sinnar og að orsakatengsl séu á milli háttseminnar og tjónsins. Verði tjónið ekki rakið til athafna sóknaraðila verður varnaraðili að bera ábyrgð á því. Í málinu liggur ekkert fyrir sem staðreynir að varnaraðili hafi greitt viðgerðarkostnaðinn sem tilgreindur er í CABAS-mati [...] vegna viðgerðar á bifreiðinni, hvað þá aðra fjárhæð. Ekkert liggur fyrir um að varnaraðili þurfi að greiða sömu fjárhæð og sóknaraðili hefur verið krafinn um. Auk þess liggur ekkert fyrir um að sóknaraðili hafi sýnt af sér gáleysi eða að öðru leyti nýtt bifreiðina í ósamræmi við skilmála varnaraðila. Fyrirgreint tjónamat, sem varnaraðili aflaði einhliða, er sett fram á þann hátt að erfitt er að átta sig á því hvernig raunverulegt tjón er fundið út og að hvaða leyti það megi rekja til sóknaraðila með óyggjandi hætti. Þá er ekki sýnt fram á að nauðsyn sé að framkvæma alla þætti kostnaðarmatsins vegna tjóns sem rekja megi til sóknaraðila. Að mati nefndarinnar dugir matið ekki eitt og sér til að sýna fram á fjárhagslegt tjón varnaraðila eða að því hafi verið valdið með skaðabótaskyldri háttsemi sóknaraðila.

Varnaraðili hefur vísað til þess að það hvíli á kærunefndinni að kveðja til kunnáttumann til að leggja mat á kröfu sóknaraðila, telji hún umrætt CABAS-mat ekki duga til sönnunar tjóns. Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar á grundvelli laga nr. 81/2019. Nefndin er stjórnvald sem starfar samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Af rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga leiðir að stjórnvaldi ber að afla nægilegra upplýsinga um að atvik séu upplýst áður en ákvörðun er tekin. Rannsókn

kærunefndarinnar fer almennt fram með könnun á grundvelli framlagðra gagna og mati á því hvort aðila hafi tekist fullnægjandi sönnun um þau atriði sem deilt er um. Kærunefndin hefur ítrekað bent á að svokallað CABAS-mat séu ekki fullnægjandi upplýsingar um umfang tjóns. Í málinu uppfyllti kærunefndin rannsóknarskyldu sína með því að kalla eftir upplýsingum um raunverulegt tjón varnaraðila en varnaraðili veitti ekki slíkar upplýsingar. Þá verður að líta til þess að það stendur varnaraðila nær að leggja fram upplýsingar og sýna fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt.

Með vísan til framangreinds álitur kærunefndin að varnaraðili hafi ekki sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón sitt vegna tjóns á bifreiðinni. Ekki verður séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 824 evrur frá sóknaraðila þann 18. júlí 2024. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á kröfu um endurgreiðslu þessa kostnaðar.

Sóknaraðili gerir kröfu um endurgreiðslu á heildarfjárhæðinni sem hann var krafinn um við skil á bifreiðinni. Þar af var „Damaged Vehicle Administration Fee“ 167 evrur. Í grein 3.5.8 í skilmálum varnaraðila kemur fram að gjald, svokallað „Damaged Vehicle Administration Fee“, að fjárhæð 170 evrur verði tekið fyrir vinnu vegna tjónaðra ökutækja, þ.á m. samskipti við tryggingafélög og reikningagerð vegna viðgerðarkostnaðar. Ekki verður séð að framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr., sbr. 36. gr. a.-d. samningalaga nr. 7/1936. Ber sóknaraðila að greiða svokallað umsýslugjald eða „Damaged Vehicle Administration Fee“ í samræmi við skilmála varnaraðila, enda er óumdeilt að bifreiðin varð fyrir tjóni á leigutíma.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 824 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson